

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysisstryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „eða aðrar sambærilegar orsakir“ í 2. mgr. kemur: eða aðrar viðlíka ástæður.
- b. 3. mgr. orðast svo:  
Fyrirtæki, sem starfrækir fiskvinnslu og fullnægir skilyrðum 2. mgr., skal eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysisstryggingasjóði fyrir hvern heilan vinnudag sem það greiðir starfsmönnum laun meðan á tímabundinni vinnslustöðvun stendur að undanskildum fyrstu þremur dögum á hverju almanaksári, sbr. þó einnig 4. mgr.
- c. Í stað orðanna „30 greiðsludaga“ í 4. mgr. kemur: 20 greiðsludaga.
- d. Í stað orðanna „60 greiðsludaga“ í 4. mgr. kemur: 45 greiðsludaga.
- e. Ný málsgrein bætist við, svohljóðandi:  
Þrátt fyrir takmarkanir 4. mgr. á heildarfjölda greiðsludaga á ári hverju er Vinnu-  
málastofnun heimilt að veita undanþágur þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi er leiða  
til þess að hráefnisskortur veldur því að vinnsla liggur niðri á annars venjubundnum  
vinnslutíma fyrirtækis.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:  
Fyrirtæki, sem hyggst sækja um greiðslu skv. 1. gr., skal tilkynna skriflega um fyrir-  
hugaða vinnslustöðvun með eins sólarhrings fyrirvara til Vinnu-  
málastofnunar. Skal fyrirtæki staðfesta tilkynninguna með umsókn um greiðslur ásamt nauðsynlegum upp-  
lýsingum um fyrirhugaða vinnslustöðvun, þar á meðal ástæður hennar, innan mánaðar  
frá því að vinnslustöðvun hófst. Hafi hvorki umsókn né tilskilin gögn borist Vinnu-  
málastofnun innan þriggja mánaða frá því að vinnslustöðvun hófst mun réttur fyrirtækisins  
til greiðslna falla niður að því er varðar umrædda vinnslustöðvun.
- b. Í stað orðanna „Skrifstofa Atvinnuleysisstryggingasjóðs“ í 2. mgr. kemur: Vinnu-  
málastofnun.
- c. Síðari málsliður 2. mgr. fellur brott.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „skrifstofu Atvinnuleysisstryggingasjóðs“ í 1. mgr. kemur: Vinnu-  
málastofnun.

## b. 2. mgr. orðast svo:

Vinumálastofnun skal hafa aðgang að launa- og framleiðslubókhalda fyrirtækis ásamt kauptryggingarsamningum sem í gildi eru milli fyrirtækis og starfsmanna þess. Starfsmenn Vinnumálastofnunar skulu fara með allar upplýsingar sem þeir komast að við framkvæmd á lögum þessum og varða persónuleg málefni eða rekstur fyrirtækja sem trúnaðarmál.

## c. Í stað 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hafi fyrirtæki fengið hærrí fjárhæðir úr Atvinnuleysistryggingasjóði en það á rétt á samkvæmt lögum þessum á grundvelli rangra eða ófullnægjandi upplýsinga ber því að endurgreiða þær. Þá er Vinnumálastofnun heimilt að draga ofgreiddar fjárhæðir frá greiðslum sem fyrirtækið getur átt rétt á síðar samkvæmt lögnum.

Félagsmálaráðherra setur í reglugerð nánari reglur um hvers konar gögn skulu fylgja umsókn fyrirtækis sem sækir um greiðslur samkvæmt lögum þessum.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2003.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Árni Magnússon.*

## LÖG

**um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

## 5. gr. laganna orðast svo:

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánaþyrirtæki og rafeyrisþyrirtæki skulu greiða 0,01149% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,2415% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,047% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,0059% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádregnum hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuldinni.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,09% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.